

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

7852-002-FUN-014-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

10.12.2021

NR. FUNDAR

14

VERKHEITI

Svæðisskipulag Suðurlandis

VERKKAUPI

SASS

FUNDAREFNI

1. Stefna í greinargerð
2. Forsendur og umhverfisskýrsla
3. Landslagsgreining
4. Samráð
5. Næsti fundur

FUNDARGERÐ

IS 10.12.2021

FUNDARBOÐARI

SASS

FUNDARSTAÐUR

Fjarfundur

FUNDARMENN

Ari Thorarensen, Helgi Sigurður Haraldsson
Ásta Begga Ólafsdóttir
Helgi Kjartansson, Guðrún Magnúsdóttir, Óttar Þráinsson
Rósa Matthíasdóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason
George Frumuselu
Anton Kári Halldórsson, Lilja Einarsdóttir
Ágúst Sigurðsson, Haraldur Birgir Haraldsson
Ólafur Júlíusson, Bjarki Guðnason, Jóna Björk Jónsdóttir
Björgvin Skafti Bjarnason

Bjarni Guðmundsson
Helgi Kjartansson, Anton Kári Halldórsson, Bjarki Guðnason
Gísli Gíslason, Ingibjörg Sveinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Hrafnhildur Brynjólfsson

FYRIRTÆKI

Árborg
Ásahreppur
Bláskógabyggð
Flóahreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Hrunamannahreppur
Mýrdalshreppur
Rangárþing eystra
Rangárþing ytra
Skaftárhreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
UTU
SASS
Verkefnastjórn
Verkfræðistofan EFLA

DREIFING

Bjarni Guðmundsson

FYRIRTÆKI

SASS

DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 13. fundar og telst hún samþykkt.

1. Stefna í greinargerð

Verndarheildir og mannvirkjasvæði

Farið yfir drög að stefnu og heimildir fyrir verndarheildir og mannvirkjasvæði.

Skipting svæðisins veltur á niðurstöðu landslagsgreiningarinnar, sem er í vinnslu. Reynt verður að hafa frekar færri og stærri svæði og samhangandi fláka.



V1	V2	V3/M1	M2
<p>Mjög hátt verndargildi</p> <p>Víðerni, vistgerðir með mjög hátt verndargildi, merkar jarðmyndanir og kyrrlát svæði.</p> <p>Megin hluti friðlýstra svæða.</p> <p>Innan svæða eru mannvirki sem ekki hafa áhrif á verndargildi svæða, s.s: vegslóðar, útivistarleiðir og minni þjónustusvæði ferðamanna.</p>	<p>Hátt verndargildi</p> <p>Víðerni, vistgerðir með hátt verndargildi, merkar jarðmyndanir og kyrrlát svæði.</p> <p>Hluti friðlýstra svæða.</p> <p>Innan svæða eru mannvirki sem ekki hafa áhrif á verndargildi svæða, s.s: vegslóðar, útivistarleiðir og minni þjónustusvæði ferðamanna.</p>	<p>Jaðarsvæði</p> <p>Vistgerðir með hátt verndargildi og jarðmyndanir.</p> <p>Hluti friðlýstra svæða</p> <p>Mannvirki sem að einhverju leyti skerða víðerni, raska vistgerðum og jarðmyndunum.</p> <p>Innan svæða geta verið stofnvegir, raflínur og þjónustusvæði ferðamanna.</p>	<p>Mannvirkjasvæði</p> <p>Helstu framkvæmdasvæði hálandisins.</p> <p>Mannvirki sem skerða víðerni, raska vistgerðum og jarðmyndunum.</p> <p>Innan svæða eru stofnvegir, virkjanir, raflínur og þjónustusvæði ferðamanna.</p>
<p>Heimildir</p> <p>Heimilt er minniháttar viðhald á núverandi vegum.</p> <p>Heimilt er að gera nýjar útivistarleiðir og viðhalda þeim sem fyrir eru.</p> <p>Heimilt er viðhald og endurbætur á skálasvæðum og fjallaseljum.</p>	<p>Heimildir</p> <p>Heimilt er viðhald á núverandi vegum.</p> <p>Heimilt er að gera nýjar útivistarleiðir og viðhalda þeim sem fyrir eru.</p> <p>Heimilt er viðhald og endurbætur á skálasvæðum og fjallaseljum.</p>	<p>Heimildir</p> <p>Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum, gerð nýrra útivistarleiða, minniháttar uppbygging helstu vega, minni miðstöðvar, skálasvæði og fjallasel.</p>	<p>Heimildir</p> <p>Ýmis konar mannvirkjagerð er heimil, s.s. uppbygging stofnvega, stærri þjónustumiðstöðva, virkjana og lagning háspennulína.</p>
<p>Stefna/markmið</p> <p>Land verði sem mest óraskað.</p> <p>Framkvæmdir sem skerða verndargildi svæða eru óheimilar.</p> <p>Vernd svæða verði tryggð til frambúðar.</p>	<p>Stefna/markmið</p> <p>Uppbygging og landnýting taki tillit til landslagseinkenna á hverju svæði.</p> <p>Forðast skal framkvæmdir sem skerða verndargildi svæða.</p> <p>Vernd svæða verði tryggð til frambúðar.</p>	<p>Stefna/markmið</p> <p>Uppbygging og landnýting taki tillit til landslagseinkenna á hverju svæði.</p> <p>Við framkvæmdir skal leitast við að halda verndargildi svæða óbreyttu.</p>	<p>Stefna/markmið</p> <p>Uppbygging og landnýting taki tillit til landslagseinkenna á hverju svæði.</p> <p>Við skipulag framkvæmda skal hafa í huga að draga úr ásýnd mannvirkja og forðast óþarfa rask á landi.</p>

MYND 1. Drög að skilgreiningu fyrir verndarheildir og mannvirkjasvæði. Mynd úr greinargerð sem send var til vinnuhópsins fyrir fundinn.

Umræður:

Gerður góður rómur að þessum drögum, er á réttri leið.

Útivist – göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir

Útivistarfólk notar talsvert app sem kallast Strava til að taka gps trakk af þeirri útivist sem það stundar og birta á netinu. Sýnd kort af leiðum sem göngufólk fer og annað sem sýnir hvaða leiðir eru farnar á fjallahjólum.

Þessi kort sýna að á hluta svæðisins er ekki stunduð almenn útivist. Þetta gildir t.d. um svæði á

Hrunamannaafrétti og Skeiða- og Gnúpverjaafrétti. Einnig Tungnaáröræfi og hluta afrétta í Skaftárhreppi. Kortin verða hluti af forsendum fyrir stefnumörkuninni.

Reiðleiðir eru birtar á vef Landssambands hestamannafélaga og ná þær yfir megnið af svæðinu, þó einhverjar séu vinsælli en aðrar.

Umræður:

Vilji er til að setja almenna stefnu fyrir útivist en ekki að afmarka leiðir. Mikilvægt er að hvers konar útivist valdi ekki raski/skemmdum á landi.

Önnur stefna í greinargerð:

Áður hefur verið rætt um samgöngur og þjónustusvæði ferðamanna og gerð grein fyrir drögum að stefnu fyrir þessa þætti.

2. Forsendur og umhverfisskýrsla

Gerð grein fyrir helstu forsendum fyrir stefnumörkuninni og spurningum sem hafa þarf í huga við mótun stefnunnar.

Farið lauslega yfir sviðsmyndir og drög að mati á hverri sviðsmynd. Stefnt að því að á næsta fundi verði sett fram niðurstaða úr sviðsmyndagreiningunni og valin sú sviðsmynd sem hópnum hugnast best.

Umræður:

Þetta er í samræmi við það sem rætt hefur verið á síðustu fundum.

Skoða með að breyta táknum fyrir sviðsmyndir. Fáum grafíska hönnuði Eflu til að gera nútímalegri tákn fyrir t.d. háspennulínur og skipta tákni fyrir bensinstöðvar út fyrir rafhleðslustöðvar.

3. Landslagsgreining

Sigurður Magnússon er kominn á fullt að yfirfara/rýna drög að landslagsgreiningunni. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur greininguna einnig til skoðunar. Útbúa þarf einhver frekari gögn vegna þessarar greiningar og er unnið að því. Þetta eru t.d. kort sem sýna gróðurþekju vistgerða í prósentum, kort með fjölda tegunda háplantna í hverri vistgerð og kort með gróðurþekju háplantna. Með þessari rýni verður gildi vinnunnar meira. Þessari rýni á að vera lokið fyrir jól.

Gerð lítillaga grein fyrir gagnagrunnum sem eru á bak við landslagsgreininguna og hvernig gögn eru notuð til að kvarða upplýsingar. Út frá þessum kvörðum verður verndargildi svæða reiknað.

Suðrhálendinu er skipt í 67 mismunandi svæði í landslagsgreiningunni, eins og drögin líta úr núna. Sett verður fram stutt lýsing á hverju svæði.

Umræður:

Varðandi landslagsgreininguna þá er verið að horfa til þess að meta verndargildi svæða. Hægt að bæta hvaða upplýsingum/gögnum sem er við þetta mat og þarf ekki endilega að snúast um verndargildi. Rætt hefur verið um að bæta grunnvatni við en út frá því sést vatnsleiðni jarðlaga. Niðurstaða landslagsgreiningar og mat á verndargildi svæða verður lagt til grundvallar við stefnumörkun á svæðinu.

Bent á að svona ýtarleg landslagsgreining á þetta stóru svæði hefur ekki verið gerð áður. Til er landslagsflokkun af öllu landinu en hún er talsvert grófari og tekur ekki til mats á verndargildi.

Beitarnýting er ekki tekin inn í þessa flokkun og ætti ekki að hafa takmarkandi áhrif á hana. Tengist því hversu mikil umfjöllun/stefna verður sett um beitarnytjar og hefðbundin afréttarnot. Halda því opnu hvort þetta verði tengt saman þegar línur skýrast betur. Það má ekki vera hægt að nýta þessa vinnu sem rök gegn beitarnytjum.

4. Samráð

Áhugavert að eiga samtal við Skipulagsstofnun um landslagsgreininguna. Mætti e.t.v. skilgreina hluta af þessari greiningu sem einhvers konar þróunarverkefni. Stefnumótandi aðferðafræði sem hefur gildi fyrir aðra aðila/önnur svæði.

Hafa þarf samráð við Skipulagsstofnun í byrjun næsta árs. Ræða um hvert þessi vinna hefur leitt okkur og áframhald vinnunnar.

Haft hefur verið samráð við Vegagerðina og óskaði hún eftir áframhaldandi samráði. E.t.v. óska eftir álitum Vegagerðarinnar á samgöngukafla í greinargerð í byrjun febrúar.

Nágrannasveitarfélög. Einkum þarf að fjalla um stefnu varðandi samgöngur. Gæti verið fjarfundur.

Útivistarfélög. Fulltrúar einhverra þeirra komu á kynningarfundinn á Hvolsvelli og vilja þau fá að fylgjast með vinnunni áfram. Getur verið erfitt að velja hvaða félög yrðu á slíkum samráðsfundi, einhver gætu gleymst. Möguleiki að vera með opinn fund næsta vor þannig að sem flestir geti mætt, a.m.k. í streymi. Auglýsa þarf slíkan fund vel.

Á fundi í janúar verði sett fram tillaga að tilhögun samráðs.

Umræður:

Ferðaklúbbnum 4x4 er umhugað um að ekki verði lokað leiðum og umferð bönnuð, eins og kom fram á kynningarfundum á Hvolsvelli. Í drögum að stefnu um kyrrlát svæði kemur fram að stefnt sé að því að loka óþarfa slóðum. Vita sveitarfélög hvaða slóðar eru óþarfir. Óþarflega sterkt til orða tekið að hafa stefnuna svona? Tengist reglugerð um vegi í náttúru Íslands. Það kom á óvart að það virðast ekki vera nein svæði á Suðurlálandinu sem geta talist kyrrlát allt árið. Getum verið með almenna stefnumörkun varðandi slóða þó ekki sé farið í ýtarlega yfirferð á einstökum slóðum. Bent á að jeppamenn hafa búið til fjöldann allan af slóðum um hálendið. Hafa stefnu um slóða eins opna og hægt er og að ákvörðun um umferð um þá verði ákveðin á aðalskipulagsstigi.

Hluti sveitarfélaga vinnur að endurskoðun aðalskipulags. Bent á að æskilegt væri að sveitarfélög deili upplýsingum úr þeirri vinnu inn í vinnu við svæðisskipulagið svo hægt sé að horfa til þeirrar stefnu sem þar er sett fram.

Passa að hafa kynningarfundum opna öllum því annars gleymast einhverjir.

5. Næstu fundir og framhaldið

Skipulagsgögnin verða send til vinnuhópsins fyrir jól.

Gert ráð fyrir fjórum fundum fram til vors, einn í hverjum mánuði. Stjórn finnur heppilegar dagsetningar.

Næsti fundur verði 25. janúar 2022. Þar verði m.a. farið yfir sviðsmyndir og valin sú sviðsmynd sem hópnun hugnast best. Vonandi einnig hægt að kynna niðurstöðu landslagsgreiningar.